

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

918. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 5. september 2016 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður og Ingimar Sigurðsson varamaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir.

Afgreiðslur:

1. **Rekstrarstjóri mætir á fundinn.** Frestað um viku.
2. **1608061 Löggæsla í Húnaþingi vestra.**
Fyrir fundinum liggja drög að greinargerð sveitarstjóra sbr. umfjöllun á síðasta fundi um atvik / slys á hafnarbakkanum á Hvammstanga þann 24. ágúst sl. Enn vantar umbeðin gögn frá lögreglu, meðal annars atvikalýsingu úr lögreglubílnum / frá 112 og áhættumat sem gert var fyrir svæðið. Þegar hefur verið óskað eftir fundi með innanríkisráðherra um málið og eru væntingar um að sá fundur verði 21. september nk.
3. **1609002, 1609003, 1609004 Lagðar fram styrktarumsóknir í Atvinnu- og nýsköpunarsjóð Húnaþings vestra.** Þrjár umsóknir bárust. Lögð fram eftirfarandi tillaga að úthlutun:
Yndir ehf, vegna fyrirhugaðra kaupa á tækjum til framleiðslu minjagripa með myndum úr héraði, kr. 350.000
Sigurður Línadal Þórisson, til að gera fýsileikarýni, vinna að stefnumörkun og ganga frá viðskiptaáætlun um stofnun örbrugghúss, kr. 744.000.
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með þremur atkvæðum.

Samþykkt að taka á dagskrá:

4. **1609005 Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra**
Umsögn vegna leyfis skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Guðmundur Björgvin Jónsson sækir um leyfi til að reka gististað í flokki I (heimagisting) að Húnabraut 6 í Húnaþingi vestra. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra
5. **1509120 Erindi frá forsætisráðuneytinu, drög að eigendastefnu fyrir Þjóðlendur.** Jón Jónsson lögfræðingur hefur gert umsögn um tillöguna og samþykkir byggðarráð að fela sveitarstjóra að senda inn umsögn byggða á drögum Jóns.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:34

Elín Jóna Rósinberg

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Ingimar Sigurðsson

Guðný Hrund Karlsdóttir